

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (frásögn af skýrslutöku).

Flm.: Sigmar Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Hanna Katrín Friðriksson,
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Jafnframt er óheimilt að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina í samtíma frá því sem aðili eða vitni skýrir frá á meðan skýrslutaka yfir viðkomandi stendur yfir.

II. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Jafnframt er óheimilt að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina í samtíma frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá á meðan skýrslutaka yfir viðkomandi stendur yfir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Markmið frumvarps þessa er að gera ákvæði laga sem leggja bann við frásögn af skýrslutökum fyrir dómi skýrari. Lagt er til að allur vafi verði tekinn af um að slíkt bann gildi aðeins um samtímafrásögn af því sem fram kemur meðan skýrslutaka yfir viðkomandi aðila, sakborningi eða vitni stendur yfir en ekki um skýrslutökur, í fleirtölu, sér í lagi þegar þær standa yfir í lengri tíma. Flutningsmenn frumvarpsins telja þessa breytingu til þess fallna að auka traust í garð dómskerfisins með því að standa vorð um aðgengi almennings að umfjöllun um mikilvæg dómsmál, og vera í samræmi við vilja löggjafans þegar ákvæðin í núverandi mynd voru færð í lög.

Með lögum um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (málsmeðferðarreglur o.fl.), nr. 76/2019, sem samþykkt voru 13. júní 2019, voru m.a. gerðar breytingar á ákvæðum sem varða samtímafrásögn úr réttarhöldum. Í lögnum voru sett þau nýmæli að óheimilt sé að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina frá því sem aðili, sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutöku meðan á henni stendur. Í ákvæðunum er kveðið á um skýrslutöku í eintölu.

Í janúar sl. hófst aðalmeðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem varðar innflutning á fikniefnum. Er þetta stærsta mál sinnar tegundar sem komið hefur til kasta íslenskra dómsstóla. Við upphaf aðalmeðferðar tilkynnti dómarí að óheimilt væri að greina frá því sem sakborningar eða vitni segðu í skýrslum sínum í þinghaldi þar til öllum skýrslutökum væri lokið. Vísadi hann þar til 1. mgr. 11. gr. laga um meðferð sakamála eftir téðar breytingar. Skýrslutökur í málínu stóðu yfir í sjö vikur samfleytt og var fjölmíðlum óheimilt að greina frá því sem fram kom við meðferð málsins allan þann tíma.

Þegar framangreint frumvarp var lagt fram voru þessar breytingar á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála gagnrýndar. Þingmenn Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata í allsherjar- og menntamálaneftnd lögðu fram nefndarálit með breytingartillögu á þessum tilteknu greinum (þskj. 1727 á 149. löggjafarþingi). Í nefndarálitinu sagði m.a.: „Umræðan um hvort eða að hvaða marki hljóðuptökur, myndatökur og samtímaendursagnir í dómsal skuli leyfðar er mjög mikilvæg. Þar vegast á sjónarmið um réttaröryggi og friðhelgi sakborninga, aðstandenda og vitna annars vegar og mikilvægi opinberrar og gegnsærrar dómsýslu og frjálsrar fjölmíðlunar í almannaþágu hins vegar.“ Enn fremur sagði í álitinu „að fylgni kunni að vera milli þess trausts sem almennингur ber til grunnstofnana ríkisins og svo hins, hversu opinber og skýr starfsemi þeirra er. Þess vegna kunni aukinn aðgangur fjölmíðla að þinghaldi dómsstóla, með upptökum eða samtímaendursögnum, að auka skilning fólks á hlutverki og störfum dómsvaldsins og sé þar af leiðandi til þess fallinn að auka traust almennings í garð dómsvaldsins. Minni hlutinn er fylgjandi þeim almennu sjónarmiðum að starfsemi hins opinbera skuli vera eins skýr og opin og kostur er og að slík tilhögun sé líkleg til þess að auka traust og tiltrú almennings á henni.“

Flutningsmenn frumvarps þessa taku undir mat minni hluta nefndarinna í framangreindu álti og telja það vera í samræmi við meginreglu 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, sem kveður á um að dómping skuli háð í heyrandi hljóði.

2. Breytingar í frumvarpi þessu.

Samfélagið hefur ríka hagsmuni af því að starfsemi dómsstóla sé gagnsæ og fari fram fyrir opnum tjöldum nema þegar hagsmunir aðila, öryggi ríkisins eða hætta á sakarspjöllum krefst annars. Í því ljósi eru hér lagðar til breytingar á ákvæðum 9. gr. laga um meðferð einkamála og 11. gr. laga um meðferð sakamála til að taka af allan vafa um að bann við samtímafrásögn eigi eingöngu við þegar aðili, sakborningur eða vitni gefur skýrslu sína en ekki á meðan skýrslutökur standa yfir í lengri tíma.

Að mati flutningsmannna er hætta á sakarspjöllum til staðar ef aðili máls eða vitni getur fengið upplýsingar um skýrslugjöf annars áður en viðkomandi gefur sína skýrslu. Þegar skýrslutökur standa yfir í lengri tíma geta vitni fengið slíkar upplýsingar með öðrum leiðum en í umfjöllun fjölmíðla. Bann við fjölmíðlaumfjöllun við þær aðstæður dregur því ekki úr líkum á sakarspjöllum og hefur ekki önnur áhrif en að takmarka aðgengi almennings að upplýsingum í annars opnu þinghaldi.

Því er lagt til að í stað orðanna „greina frá því sem aðili eða vitni skýrir frá við skýrslutökum meðan á henni stendur“ í lögum um meðferð einkamála og „greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutökum meðan á henni stendur“ í lögum um meðferð sakamála komi: „greina í samtíma frá því sem aðili eða vitni skýrir frá á meðan skýrslutaka yfir viðkomandi stendur yfir“ í fyrrgreindu lögunum og „greina í samtíma frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá á meðan skýrslutaka yfir viðkomandi stendur yfir“ í þeim síðargreindu.

Með þessum breytingum verður tryggt að bann við samtímafrásögn gildi aðeins meðan skýrslutaka hvers aðila eða vitnis stendur yfir og nái ekki yfir lengra tímabil. Þannig verður unnt að koma í veg fyrir sakarspjöll án þess að takmarka aðgengi almennings að umfjöllun um málsmeðferð dómstóla umfram það sem rétt og eðlilegt getur talist. Frumvarpið gætir þannig betur að frelsi fjölmíðla og styður við mikilvægi þess í opinni og lýðræðislegri umræðu.